



Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

dmr@dmr.is
545 9000

Borgartúni 26
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Réttarfarsnefnd
Ása Ólafsdóttir formaður

Reykjavík 12. desember 2023
Tilv.: DMR23010019/4.7

Vísað er til erindis ráðuneytisins til réttarfarsnefndar 1. nóvember 2023, þar sem kynnt voru drög að frumvarpi til breytinga á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldprotaskipti o.fl., sbr. einnig fundur nefndarinnar um frumvarpsdrögin með fulltrúum ráðuneytisins 28. sama mánaðar.

Ráðuneytið hefur undanfarnar vikur tekið þær ábendingar sem fram komu í samráðsgátt vegna frumvarpsdraganna til skoðunar og einnig fundað með hagaðilum vegna einstaka ábendinga.

Af hálfu ráðuneytisins er þess hér með farið á leit við nefndina að hún veiti skriflega umsögn um þann hluta frumvarpsdraganna sem lýtur að birtingu ákæru, og annarra gagna sem birta skal á sama máta, í stafrænu pósthólfi.

Fyrir hönd ráðherra

Bryndís Helgadóttir